



Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Fjarðabyggð, 7. júlí 2023
Tilvísun 2302021/0

Minnisblað til bæjarráðs vegna klippikorta

Að undanfögnu hefur verkefnastjóri umhverfismála unnið að undirbúningi að upptöku klippikorta á móttökustöðvum Fjarðabyggðar. Sú vinna er nú langt á veg kominn og frá og með 15. september 2023 þurfa heimili og fyrirtæki að greiða fyrir gjaldskyldan úrgang á móttöku- og þjónustustöðum með klippikorti.

Fjarðabyggð leggur heimilum til fyrsta kortið sitt án endurgjalds. Hægt verður að nálgast fyrsta kort á móttökustöðvum og bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar fram til næstu áramóta, eftir það mun kortið verða til sölu samkv. gjaldskrá. Kortið mun gilda ótímabundið, þ.e. gilda þar til það er fullnýtt.

Einstaklingar, 18 ára og eldri, með lögheimili í Fjarðabyggð geta nálgast klippikort á sinni móttökustöð. Reikningur verður svo sendur til viðkomandi síðar. Aðrir verða að hafa samband í netfangið klippikort@fjardabyggd.is eða koma á skrifstofu Fjarðabyggðar eftir afgreiðslu á kortum.

Fyrirtæki og rekstraraðilar geta keypt klippikort á skrifstofu Fjarðabyggðar, eða í gegnum netfangið klippikort@fjardabyggd.is, samkvæmt gjaldskrá en benda má á að nokkur fyrirtæki sérhæfa sig í þjónustu í þessum málaflökki.

Verð á klippikorti er 8.000.- til einstaklinga/heimiila. Rekstraraðilar munu geta fengið klippikort send eða afhent á skrifstofu Fjarðabyggðar fyrir 32.000.- samkvæmt gjaldskrá Fjarðabyggðar 2023.

Hvert kort innifelur 2,0 m³ af gjaldskyldum úrgangi. Hvert skipti sem komið er með gjaldskyldan úrgang á móttöku- og söfnunarstöð er klippt samsvarandi magn af kortinu.

Hvað er gert þegar komið er á gámasvæðið?

Starfsmaður tekur á móti viðskiptavini og fer yfir þann úrgang og endurvinnsluefni sem viðkomandi er með og vísar honum á rétta losunarstaði. Ef um er að ræða gjaldskyldan úrgang klippir starfsmaður viðeigandi magn af kortinu.

Er hægt að greiða með peningum á móttöku- og söfnunarstöðum?

Nei. Einungis er tekið við klippikortum á móttökustöðum en hægt er að skrifa sig fyrir og fá nýtt kort, í gegnum klippikort@fjardabyggd.is eða á skrifstofu Fjarðabyggðar.



Hvað kostar klippikort?

Skv. gjaldskrá ársins 2023 er verð á klippikortum til einstaklinga er 8.000.- kr. Fyrirtæki greiða 32.000.-. Öll heimili í Fjarðabyggð fá afhent eitt klippikort án endurgjalds á árinu 2023.

Hvað gerist ef kort klárast eða týnist?

Þá þarf að kaupa nýtt kort á næstu afgreiðslu klippikorta (móttökustöð eða skrifstofa).

Hvaða gildistíma hefur klippikortið?

Kortin gilda ótímabundið og er fyrsta kortið til heimila fríkeypis ef það er sótt fyrir næstu áramót. Fjarðabyggð áskilur sér einnig rétt til að breyta tilhögun úrgangsmála, t.d. leggja klippikort niður, tímabundið eða alfarið, án skaðabóta sem verður þá kynnt íbúum með eðlilegum fyrirvara.

Hverjir geta keypt klippikort?

- Einstaklingar 18 ára og eldri með lögheimili í Fjarðabyggð geta skráð sig fyrir nýju klippikorti á móttökustöð. Reikningur verður sendur til viðkomandi.
- Einstaklingar sem ekki eru með lögheimili í Fjarðabyggð geta keypt klippikort í gegnum netfangið klippikort@fjardabyggd.is eða á skrifstofu Fjarðabyggðar.
- Fyrirtæki og rekstraraðilar þurfa að kaupa sérstakt klippikort fyrirtækja sem fæst á skrifstofu Fjarðabyggðar eða í gegnum klippikort@fjardabyggd.is.

Þórður Vilberg Guðmundsson
forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála